



Viðtalstími sveitarstjórnar

Miðvikudaginn 21. október 2015 kl. 17:00 verður viðtalstími sveitarstjórnar í Ráðhúsinu.

Til viðtals verða Valtýr Þór Hreiðarsson, oddviti, og Ólafur Rúnar Ólafsson.

Markaðsdagur á Svalbarðsströnd

Okkar árlegi markaður verður laugardaginn 21. nóvenber 2015 í Valsárskóla.

Nú er um að gera að keppast við og framleiða eitthvað fallegt og/eða nýtsamlegt á markaðinn. Einnig er kjörið tækifæri til að losa sig við eitt og annað sem ekki nýtist ykkur lengur en er kannski bráðnauðsynlegt fyrir aðra.

Einnig verður samvera fyrir 60 ára og eldri frá 10.30 þennan sama dag. Allt verður þetta nánar auglýst síðar.

Kvenfélag Svalbarðsstrandar

Næstu rusladagar

- 22. október - Almennit sörp
- 29. október - Endurvinnsla
- 5. nóvenber - Almennit sörp

Frá Æskunni

Á laugardögum. Skák 11:00-12:00 í skála fyrir 6 ára og eldri. Hjörleifur Halldórsson leiðbeinir.

Íþróttir og leikir í salnum 12:00-13:00 fyrir 6-16 ára. Kristján Ingi Rúnarsson leiðbeinir.

Mínum á/látum vita ef fellur niður á svalbó-allskonar.

UMF Samherjar stefna á borðtennismót á Hrafnagili sunnudaginn 15. nóvember kl. 10:00.

Stjórnin

Orgeltónar í Svalbarðskirkju

Orgeltónar verða í Svalbarðskirkju fimmtudagskvöldið 22. október kl. 20.00.

Notaleg kyrndarstund í kirkjunni við kertaljós. Petra leikur ljúfa tóna á orgelið. Bænir og uppbyggileg orð.

Verið velkomin!

Bleik messa

8. nóvember kl. 20.00 verður svokölluð Bleik messa í Svalbarðskirkju.

Messa þessi er til stuðnings krabbameinssjúkum og aðstandendum þeirra. Ragna Erlingsdóttir miðlar af reynslu sinni. Sr. Bolli flytur hugvekju. Létt tónlist og óhefðbundnari er í höndum Petru Bjarkar Pálsdóttur og Valmars Valljots.

Verið öll hjartanlega velkomin!

60+ opið hús í Safnaðarstofunni á þriðjudagsmorgnum

Opið hús til að hittast, spjalla og fá sér kaffisopa. Rifja upp liðinn tíma og allskonar uppákomur. Spá í framtíðina.

Fyrsta morgunin sem opið var kom Harpa Barkardóttir í Helgafelli og bauð upp á jógastundir. Henni var tekið fagnandi og ákveðið að hafa jógastund kl. 10:15 til kl. 11 og síðan fá sér kaffi og með því.

Fyrsti tíminn var þriðjudaginn 13. okt. og verða næstu þrjá þriðjudagsmorgna 20., 27. okt. og 3. nóv. Þetta er notaleg stund inn í kirkju sitjandi á stólum eða höfum stuðning af þeim. Eitthvað sem allir geta tekið þátt í.

Þegar jóga tímunum líkur verður opnað kl. 11.

Eflaust er eitthvað fleira sem hægt er að gera sér til skemmtunar og heilsueflingar. Um að gera að koma með hugmyndir.

Allir velkomnir

Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír og eldhúsrúllur: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr, 24 WC-rúllur kosta 3.500 kr. og 15 eldhúsrúllur 3.800 kr. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið jonav@internet.is.

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 17. nóvember

Litið um öxl

Þessi frétt birtist í Degi 26. ágúst 1987.

Mikill ágangur sauðfjár

- á veginum frá Víkurskarði til Akureyrar

"Ágangur sauðfjár hefur verið mikill í allt sumar á veginum frá Víkurskarði til Akureyrar. Orsök þess er að bíúð er að sá í kanta á þessum vegi og sauðféð liggur í þessu eins og í túni," segir Guðmundur Svafarsson, umdæmisverkfræðingur Vegagerðar ríkisins á Akureyri, en talsvert er um að kvartað hafi verið undan ágangi sauðfjár við veginn undanfarið.

Íbúar á Svalbarðsströnd munda eftir ristarhliði sunnan við bæinn Garðsvík, sem hindraði sauðfé í að komast lengra á sínum tíma. Þegar nýi vegurinn yfir Víkurskarð var lagður var hliðið fjarlæggt, og þykir mörgum sem sauðfé hafi lagst þyngra á byggðirnar fyrir sunnan Garðsvík en áður var og valdi talsverðri slysaættu.

Guðmundur Svafarsson sagði að gamla ristarhliðið hefði verið sett upp af hreppnum á sínum tíma en þá var vegurinn um Svalbarðsströnd minni-háttar þjóðbraut en hringvegurinn lá um Vaðlaheiði. Þegar vegurinn yfir Víkurskarð var byggður var þessi vegur gerður að stofubraut og þar með hluti af hringveginum. Hjá Vegagerðinni eru til vinnureglur um að ristarhlið eru ekki sett upp á vegum af þessari gerð því slík hlið eru miklar slysaáhrif. Þó eru á þessu tværi undantekningar því ristarhlið eru sett upp við mæðuveigigirðingar og við innakstur í þéttbýli, en hvorugu er til að dreifa í þessu tilviki.

"Eins og þarna háttar teljum við að ágangur sauðfjár sé ekki mál Vegagerðarinnar því við girðum meðfram öllum vegum á Svalbarðsströndinni. Ég bendi einnig á að ekkert ristarhlið er austan í heiðinni. Við vitum vel að bændum gengur misvel að hemja sauðfé en við þessu er ekki mikið að gera nema reyna að sjá til þess að það þvælist ekki inn á þessi svæði," sagði Guðmundur Svafarsson.

Dagur, 160. tbl. (26.08.1987), bls. 3
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2680061